

Fundargerð 02.03.23

Mætt voru: Sandra Lóa, Gunnar, Guðrún Heiða, Hekla Rós, Ingibjörg, Vala, Hafsteinn, María skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Skóladagatal 2023 – 2024:

María fór yfir skóladagatalið fyrir næsta skólaár. Gerð var breyting þar sem tveir uppbrotsdagar voru færðir fyrir í desember. Þeir eru ætlaðir til að undirbúa jólin í skólanum. Skipulagsdagar eru 5 yfir skólaárið, 3 dagar eru fastir en skólinn getur ráðið tveimur dögum.

María fór yfir skipulagið á uppbrotsdögum en það eru dagar þar sem kennarar eru í vinnutímastyttingu. Á næsta skólaári verða 10 uppbrotsdaga sem gerir það að verkum að það eru færri kennarar í vinnutímastyttingu hverju sinni.

Mat á skólastarfi og umbótaáætlun kynnt (innra- og ytra mat):

María fór yfir Mats- og símenntunaráætlun skólans en hún er aðgengileg á heimasíðunni.

Skólapúlsinn – niðurstöður: María fór yfir nokkra þætti í Skólapúlsinum. Þar er skólinn yfirleitt við landsmeðaltal. Það vekur hins vegar athygli að nemendur hafa ekki mikla trú á eigin getu til náms. Þessi þáttur verður skoðaður betur í umbótateymi skólans og gerð verður aðgerðaáætlun. Einnig sker skólinn sig úr hvað varðar hreyfingu. Nemendur í Setbergsskóla hafa í gegnum árin verið duglegir að hreyfa sig en það hefur breyst til verri vegar. Þessar niðurstöður voru kynnar á haustfundum með foreldrum. Stefnt er að því að flétta hreyfingum meira inn í skólastarfið á næsta skólaári.

Öryggi, húsnæði og aðstaða: Hafsteinn fór yfir þau verk unnin hafa verið á síðasta skólaári er varðar húsnæði skólans.

Lyftan í unglingsdeildinni er komin í notkun en það vantar salerni fyrir hreyfihamlaða þar. Það verður næsta verkefni.

Búið er að mála fjórar kennslustofur á þessu ári. Síðasta sumar var hitagrindin í húsinu endurnýjuð. Það hefur komið í ljós í vetur að húsið er nú mun fljótara að hitna. Snjóbræðslukerfið við skólann var einnig endurnýjað og virkar mjög vel núna. Stóra verkefnið fram undan er að lyfta þakinu á skólanum. Taka á alla þakgluggana burtu og einanga þakið betur.

Það þarf einnig að endurnýja ljósin í öllum alrýmum skólans. Hreyfiskynjarar verða settir á ljós í anddyrum. Stefnt er að því að setja nýja loftaklæðningu í allar kennslustofur með innfeldum ljósum. Auk þess er verið er að breyta sviðinu í skólanum, setja upp nýtt hljóðkerfi og ný tjöld.

Skólaráð

Búið er að gera miklar breytingar á gamla bókasafninu en það verður fundarherbergi og vinnuástaða fyrir stjórnenda.

Skólaþing – hvort og þá hvenær haldið:

Verður rætt á næstu fundi.

Önnur mál:

Foreldrar í skólaráði ræddu um að mæting nemenda í Setrið væri slök. Ákveðið var að boða Róbert Gíslason deildarstjórar tómsundastarfs á næsta fund til að fara yfir starfið og mætingu nemenda í Setrið.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.